

Nd.

**637. Nefndarálit**

[134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum, sent það til umsagnar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, veðdeild Landsbankans og Ríkisábyrgðasjóðs. Bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur G. Einarsson töldu við meðferð málsins í nefndinni, að ástæðulaust væri að afgreiða frv. á þessu þingi, þar eð það á ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs, enda þurfi ýmis ákvæði frv. nánari athugunar við. Þeir áskilja sér þess vegna rétt til þess að flytja brtt. og fylgja tillögum, sem fram kunna að koma.

Nefndin flytur við frv. eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGUR:**

1. Við 4. gr. 2. másl. 1. málsg. orðist svo:  
Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þúsund íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.
2. Við 5. gr.
  - a. 2. málsg. A-liðar orðist svo:  
Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu, og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímuni.
  - b. Aftan við 2. másl. D-liðar bætist nýr máslíður:  
Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru framseld.
3. Við 6. gr. Á eftir 3. másl. 2. málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi, og verði þá 4. másl. sérstök málsgrein:  
Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „eftir afhendingu“ í 1. málsg. komi: frá því að byggingarframkvæmdir hófust.
5. Við 11. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. 1. másl. greinarinnar orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson,  
form., frsm.  
Gunnar Thoroddsen.

Garðar Sigurðsson,  
fundaskr.  
Bjarni Guðnason.  
Gylfi Þ. Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.  
Ólafur G. Einarsson.